

Starfsáætlun

Víkin 5 ára deild-GRV

Skólaárið 2017-2018



Gleði - öryggi - vinátta

Innihald

Um leikskólann.....	2
Tölulegar upplýsingar - börn.....	2
Starfsmannamál.....	3
Faglegar áherslur	3
Mat og umbætur.....	5
Samstarf við grenndarsamfélag	6
Samstarf við foreldra.....	7

Um leikskólann

Víkin, 5 ára deild er hluti af Grunnskóla Vestmannaeyja og er leikskóladeild fyrir börn á síðasta ári leikskólans. Víkin er staðsett í suðurenda Hamarsskóla, sem stendur við Foldahraun. Skólastjóri í Grunnskóla Vestmannaeyja er Erlingur

Richardsson og

aðstoðarleikskólástjóri er Guðrún Sigríður Þorsteinsdóttir.

Skólaárið 2017-2018 er níunda starfsár leikskóladeildarinnar, en

annað starfsár hennar undir

Grunnskólanum í

Vestmannaeyjum. Starfsáætlun




þessi tekur gildi 1. september

2017 og er afhent Vestmannaeyjabæ.



Tölulegar upplýsingar - börn

Við upphaf skólaársins 2017 - 2018 verði 38 börn í leikskólanum. Þar af eru 23 strákar og 15 stelpur og eru það 238,8 dvalargildi.





Tvö börn eru í sérkennslu hjá okkur við upphaf árs, en sífellt er verið að meta og skoða hvort fleiri börn þurfi sérkennslu.. Nokkur börn þurfa þó nokkra málörvun og kemur það betur í ljós eftir að niðurstöður úr Hljóm-2 berast. Eitt barn talar pólsku sem móðurmál og eitt með ensku. Eitt barn er

tvítyngt með færeysku sem annað tungumál. Svava Hafsteinsdóttir er sérkennslustjóri hjá Vestmannaeyjabæ og mun hún vera hjá okkur miðvikudaga á milli kl. 12.00 og 15.00 og á föstudögum frá kl. 8.00-12.00. Þá sinnir hún ráðgjöf og greiningu ásamt því að taka börn í þjálfun.

Starfsmannamál

Komandi skólaár munu tvær deildir vera starfræktar í Víkinni. Reiknað er með þremur starfsmönnum á deild og sinnir aðstoðarleikskólastjóri afleysingum. Einn starfsmaður kemur eftir hádegi og skilar á báðum deildum. Ekkert barn þarf stuðning í Víkinni og því ekki áætluð staða fyrir það. Aðstoðarleikskólastjóri sér að mestu um skipulag og utanumhald starfseminnar í góðu samstarfi við skólustjóra Grunnskólans. Í Víkinni eru því 9 starfsmenn í 6.62



stöðugildum. Aðrir starfsmenn sem koma ekki að starfinu á beinan hátt eru, Einsí Kaldi og hans starfsfólk sem sér um hádegismatinn okkar, skólaliðar sjá um að færa okkur morgunmat og nónkaffi, ásamt því að finna til og ganga frá borðbúnaði og áhöldum. Við lok hvers dags kemur svo starfsfólk frá Alþrif og sér um þrif á leikskóladeildinni.

Faglegar áherslur

Við leitumst við að rækta hæfileika barnsins sem koma til með að nýtast því sem best í nútímasamfélagi. Mikilvægt er því að rækta sterka sjálfsmynd, félagslega færni og trú á eigin getu. Mikil áhersla er lögð á að efla vináttu, jákvætt hugarfar og glaðleg samskipti.



Einnig er lögð áhersla á að veita börnum umhyggju og hlýju, örvun og hvatningu í umhverfi þar sem þeim líður vel og finna fyrir öryggi. Okkar aðalmarkmið er að frá okkur útskrifist kát og glöð börn, sem bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Jafnframt að börnin hafi þann félagsþroska og almenna færni sem þarf til að takast á við næsta skólástig.

Víkin leggur mikla áherslu á læsi og stærðfræði og vinnur að framtíðarsýn Vestmannaeyjabæjar.

Markmið og hlutverk framtíðarsýnar er að skólarnir í sveitarfélaginu verði meðal þeirra fremstu á landinu hvað varðar vellíðan nemenda, faglegt starf, kennslu og námsárangur.



Faglega starfið okkar fer að stórum hluta fram í þríhjólinu. Í þríhjólinu kennum við íslensku, stærðfræði og sköpun í gegnum leik.

Í íslenskunni er áhersla lögð á að vinna með *Lubbi finnur málbeinið* og læra börnin þar stafina, máhljóðin og málrækt í gegnum leik og starf. Við nýtum okkur kennsluáferðina *Leikur að læra*, ásamt því að spila, syngja og kenna í gegnum frjálsan leik.

Í stærðfræðinni vinnum við eftir bókinni *Sprota*, greinum námsefnið í henni og er leikur og efniviður skipulagður til að örva þá þætti sem þar er verið að kenna. Þar leggjum við áherslu á mynstur, tölur, talningu, form og flokkun. Til þess notum við m.a. kennsluáferðina *Leikur að læra* ásamt því að vinna markvisst með bæði *Numicon* kubba og einingakubba.



Í sköpun leggjum við áherslu á að börnin fái tækifæri til að tjá sig í gegnum listirnar. Við leggjum áherslu á að gefa börnunum frelsi til að vinna á eigin forsendum og eflum þannig sjálfstæði og sköpunargleði þeirra. Þar fer fram þjálfun á fínhyrfingum, efling á hugmyndaauðgi og frumkvæði og að vinna hugsanir sínar í gegn um mismunandi efnivið. Þar fer einnig fram úrvinnsla á því sem þau hafa lært í þemavinnunni okkar, sem fer að miklu leyti fram inni á deildunum.

Við skiptum árinu niður í þemu og lita þau starfið okkar yfir árið. Þau þemu sem unnið verður með á skólaárinu 2017-2018 eru: eyjafuglar, gleði, öryggi og vinátta (einkunnaorð GRV), fjölskyldan, jólin, eldgosíð, þorrinn, hafið, páskar og Tyrkjaránið.

Einu sinni í viku fáum við markvissa tónlistarkennslu en þá fáum við tónlistarkennara til okkar sem syngur og leikur með börnunum.



Útivera er öllum börnum mikilvæg. Á Íslandi er allra veðra von, en mikilvægt er að börn venjist íslenskri veðráttu strax. Við leggjum því áherslu á að reyna að fara út minnst einu sinni á dag. Útivera einkennist að mestu af frjálsum leik, en við leggjum áherslu á að hafa faglega starfið okkar á morgnanna og frjálsa leikinn frekar eftir hádegi og því förum við oftast út eftir hádegi en fyrir hádegi. Ekki má þó gleyma því að útivera

getur einnig verið hluti af faglegu starfi og eru göngur og vettvangsferðir hluti af okkar starfi.

Víkin heyrir undir Grunnskóla Vestmannaeyja og vinnur náið með skólanum að því að brúa bilið milli leik- og grunnskóla til að gera upphaf grunnskólagöngu eins auðvelda og mögulegt er. Hluti af þessu samstarfi er að æfa sig að fara í íþróttahúsið, þar er farið í leikfímistíma undir leiðsögn íþróttakennara skólans. Þar fá börnin útrás og þjálfu grófhreyfingar ásamt því að læra að fara í búningasklefana og klæða sig í og úr fyrir og eftir tímann.



Við fáum nokkra tíma í danskennslu undir lok vorannar. Þar lærum við tvo dansa og tökum þátt í danssýningu með hinum börnum skólans.

Þar að auki förum við í frístundaverið að leika og með því æfum við leiðina þangað, fáum að kynnast húsnæðinu og léttum í leiðinni álagið á deildunum. Einnig prufum við að fara niður í matsal skólans að borða þegar starfsemi skólans liggur niðri.

Í maí er vorskólinn, en það eru tvisvar sinnum tvær klukkustundir þar sem börnin fara í skólann. Þau fara í stofuna sína og hitta tilvonandi kennara sinn. Þar m.a. vinna þau verkefni, fara í frímínútur og borða nesti.



Mat og umbætur

Innra mat leikskólans hefur ekki verið fast mótað hingað til. En á þessu skólaári höfum við gengið í gegn um mikla áherslu og stefnubreytingu á leikskólastarfinu okkar. Við höfum því verið að stefna að innleiðingu á fast mótuðu innra mati fyrir Víkina. Það mat sem við höfum verið með hingað til og munum halda áfram með í

vetur er útfyllingalistar fyrir foreldraviðtöl, sem er samantekt úr ýmsum áttum á stöðu barnanna. Skráning á vali, samverustundum og stefnum við á að skrá niður þá vinnu sem fer fram í þríhjólinu.

Í september/október er Hljóm-2 lagt fyrir öll börn leikskóladeildarinnar HLJÓM-2 er greiningartæki, aldursbundin skimun sem er lögð fyrir til að meta hljóðkerfis- og málmeðvitund barna í elsta árgangi leikskólans í því skyni að greina þau börn sem eru í áhættu fyrir síðari lestrarerfiðleika. Niðurstöður þessara skimunarprófa eru svo nýttar til að skipuleggja nánar starf okkar þann veturinn. Hljóm-2 próf er svo tekið aftur á þeim börnum sem þurfa auka örvun í lok janúar og framhaldið metið að nýju.



Ytra mat á skólastarfinu er í höndum sveitarfélags og mennta- og menningarmálaráðuneytis. Heilbrigðisyfirvöld kanna aðstæður í leikskólanum reglulega og útsvæðið er aðalскоðað af fagaðila árlega.

Samstarf við grenndarsamfélag



Eins og áður segir er Víkin leikskóladeild í góðu samstarfi við Grunnskóla Vestmannaeyja. En við erum þó ekki einungis í samstarfi við skólann, við leggjum einnig áherslu á að vinna með öðrum úr okkar næsta nágrenni og má þar helst nefna Hraunbúðir, dvalarheimili aldraðra í Vestmannaeyjum. En við förum einu sinni í mánuði og syngjum fyrir heimilisfólk, auk þess skiptum við því á okkur ásamt Kirkjugerði að fara með

lítinn hóp barna í föndur einu sinni í viku.

Við vinnum með slökkviliði Vestmannaeyja og lögreglunni í Vestmannaeyjum að fræðslu fyrir börnin. Fáum þá bæði í heimsókn til okkar og kíkjum í heimsókn til þeirra. Auk þess kíkjum við í vettvangsferðir víða um bæinn, Sæheimar, Sagnheimar og Eldheimar eru meðal þeirra safna sem við heimsækjum ár hvert. Að auki kíkjum við í heimsókn í önnur fyrirtæki hér í Eyjum og kynnum okkur starfsemi þeirra í óvissuferð okkar að vori.



Samstarf við foreldra



Við í Víkinni 5 ára deild leggjum mikla áherslu á að hafa gott samstarf við foreldra. Við upphaf árs, þegar börnin byrja hjá okkur höfum við einstaklingsviðtal, þar sem foreldrar og deildarstjóri fá tækifæri til að stilla saman strengi fyrir komandi ár. Einstaklingsviðtal er svo aftur í mars, en þá fáum við tækifæri til að endurmeta stöðuna og ræða framhaldið. Hópfundur með foreldrum er haldinn snemma að hausti þegar starfsemin er að komast í gang. En þar kynnum við starf vetrarins og ræðum við foreldra. Að auki fundum við með foreldrum þegar við höfum áhyggjur af þroska eða hegðun barns.

Við erum með facebook síðu fyrir deildirnar, þar sem settar eru inn myndir úr starfinu og tilkynningar til foreldra ásamt því að þar inni er bæklingur um leikskólann og aðrar hagnýtar upplýsingar sem foreldrar geta nálgast á rafrænan hátt.



Tvisvar á önn erum við með foreldrakaffi, þar sem foreldrum er boðið í heimsókn til okkar í smá spjall og kaffi og fá þá í smá stund að taka þátt í leik og starfi með börnunum og fá að sjá nánar hvað börnin þeirra eru að gera í leikskólanum.

Ekkert foreldraráð né foreldrafélag er starfandi í Víkinni þetta árið. Hingað til hefur foreldraráð verið sameiginlegt með leikskólanum Kirkjugerði, og eigum við eftir að finna úr því hvernig við högum þeim málum eftir sameiningu við Grunnskólann. Við áætluðum að vera búin að vinna þá vinnu fyrir næsta skólaár. En þar sem foreldraráð er ekki til staðar hjá okkur, munum við fá foreldra af hvorri deild til að skrifa undir fyrir hönd foreldra í leikskólanum.

Halldóra Björk Halldórsdóttir, foreldri

Unnur Dóra Tryggvadóttir, foreldri

Guðrún Sigríður Þorsteinsdóttir,
aðstoðareikskólastýra í Víkinni

Erlingur Richardsson, skólustjóri GRV